

**138. fundur skólanefndar ME,  
haldinn 12. des. 2017 kl. 17:00 í fundaherbergi skólans**

**Mættir skólanefndarmenn:** Skúli Björn Gunnarsson ásamt varamönnunum Halldóri B. Warén og Steinunni Ásmundsdóttur. Anna Björk Guðjónsdóttir, Gauti Jóhannesson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir og Esther Ösp Gunnarsdóttir boðuðu forföll.

**Mættir áheyrnarfulltrúar:** Aron Steinn Halldórsson f.h. nemenda og Steinunn Snædal f.h. foreldra.

**Jafnframt sátu fundinn:** Árni Ólason skólameistari og Arnar Sigbjörnsson áfangastjóri sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá fundar:**

1. Staðfesting fundargerðar nr. 137
2. Vorönn 2018
3. Fjárlagatölur fyrir ME 2018
4. Sjóðamál
5. Frá nemendafélagi ME
6. Önnur mál

*Skúli Björn setti fund kl. 17:00 og hefur orð á því að ekki sé búið að skipa nýja skólanefnd og því sitji sú eldri enn.*

*Árni Óla minnist á sýningu á lokaverkefnum stúdentsefna sem opnuð var 6. des og stendur fram yfir útskrift þann 17. des. Hann býður nefndarmönnum að skoða sýninguna að fundi loknum.*

**1. Staðfesting fundargerðar nr. 137**

Fundargerð 137 staðfest með undirritun á fundinum en hún hafði verið send út til samþykktar eftir síðasta fund.

**2. Vorönn 2018.**

Árni fer yfir fyrirséðar breytingar á starfsmannahópnum á vorönn 2018.

Hilma Lind er í veikindaleyfi og Alexandra Kawa leysir hana af. Erla Sigrún hætti í haust og leitað var til Fjarðabrífa tímabundið í hennar stað. Þórhildur byrjar sem ræstitæknir eftir áramótin í stað Fjarðabrífa.

Verið er að leita að kennara í margmiðlun sem er á seinni vorspönn 2018.

Ólöf Björk heldur áfram í veikindaleyfi fram að seinni vorspönn.

Jóni Ingi verður einnig í veikindaleyfi fram að seinni vorspönn.

Þrátt fyrir fyrirséða fækkun í nemendahópnum gekk vel að ganga frá kennsluskiptingu vorannar þannig að starfsfólk haldi sínum stöðugildum.

ME hefur fengið um 30 nemendaígildum minna en framlegð skólans segir til um undanfarin ár og þarf að halda áfram að knýja á um framlög vegna fjarnáms.

Útskrift frá ME verður þann 17.desember. Yfir 30 nemendur útskrifast sem gerir þetta að stærstu jólaútskrift í sögu ME.

Fyrir vikið er fyrirséð að nokkur fækkun verði í nemendahópnum á vorönn og þar með færst skólinn nær þolmörkum í rekstri.

Arnar hefur orð á því að framvegis megi reikna með því að fjöldi útskriftarnema um jól og vor jafnist enda sé hentugt fyrir dugmikla nemendur að taka 206 eininga nám á þremur og hálfu ári.

Skúli nefnir að kynna megi betur fyrir 1. árs nemendum hvernig ljúka megi námi á þremur árum. Umræður skapast um þetta og stjórnendur taka undir að bæta megi úr þessum málum, s.s. í lífsleikni. Ekki sé þó nauðsynlegt fyrir nemendur að auka við nám sitt á fyrsta ári til að ljúka á þremur árum.

Aron upplifir ekki að nemendur séu almennt að reyna að klára skólann á þremur árum enda sjaldnast þörf á að flýta sér um of.

Spannsetning fyrir vorönn var snemma á ferðinni þetta árið svo kennrar fara vel upplýstir í jólafrí um verkefni komandi annar. Einnig geta nemendur betur skipulagt nám sitt miðað við spannsetninguna.

Skólinn hefur fjárfest í ýmsum tækjum á haustönn, s.s. gólfþvottagræjum og snjó moksturstæki. Einnig keypti skólinn nýverið tölvu til myndbandsklippinga auk forrita og A2 listaverkaprentara. Verið er að skoða möguleikana á að fá færa að ila til að kenna nemendum á þessi tæki.

Árni nefnir að hann hafi sett ýmis skjöl á samdrif nefndarinnar sem nefndarmenn geti skoðað betur.

### 3. Fjárlagatölur fyrir ME 2018

Árni varpar upp áætlun um tekjur og gjöld 2018-2020 sem hefur verið samþykkt af ráðuneytinu. Það stefnir í um þriggja milljón kr. rekstrarafgang árið 2018. Útlit er fyrir að árið 2017 endi í kringum núllið eftir fjárfestingar.

Farið verður í það fljótlega að skipta um ljós á öllum herbergjum heimavistar og millihurð í hátiðarsal. Komnar eru teikningar frá Grafit á Djúpavogi um breytingar á móttuneytisrými. Mögulega verður farið í breytingar um páska. Verið er að gera kostnaðaráætlun fyrir verkið. Einnig stendur til að breyta eldhúsþróknum á kaffistofu starfsmanna.

Umræður kvíkna um mögulegar breytingar á skólastarfi, s.s. vegna 4. iðnþyltingar og aukinnar áherslu á forritunarkennslu í framtíðinni. Eins um tengingu skólans við umhverfið í kringum sig. Árni nefnir að hann hafi skoðað aðstöðu hjá Kristjáni Krossdal og að Fjölnir Hlynsson sé um þessar mundir á námskeiði frá VA í FabLab. Þannig reyni skólinn að hafa puttann á púlsinum.

Steinunn spyr hvort skólameistarar framhaldsskólanna séu í samtalí vegna 4. iðnþyltingar. Árni segir m.a. frá námskeiði sem skólameistarar sátu nýlega varðandi þessi mál.

## **4. Sjóðamál**

Skúli Björn kynnti að nýr skólasjóður tekur gildi 1. janúar með nýrri skipulagsskrá en samruni fyrri skólasjóðs og sjóðs prófasthjónanna hefur verið samþykktur og staðfestur af sýslumanninum á Sauðárkróki. Þar með er skólasjóður orðinn rúmar 30 milljón króna með aðeins töluvert rýmri reglur um úthlutun en áður var. Sjóð urinn er sjálfstæður með eigin kennitölu og stjórn.

## **5. Frá nemendafélagi ME**

Aron gerir grein fyrir starfsemi NME. 1. des. árshátið nemenda, gekk mjög vel og skemmtunin á Kaffi Egilsstöðum einnig. NME kom ágætlega út úr þessu fjárhagslega sem er nokkur nýbreytni. Um 180 manns voru á borðhaldi og góð mæting á ballið.

Nokkrir fundarmenn nefna að meira hafi borið á áfengisneyslu en verið hefur. Umræða skapast um áfengis- og fíkniefnamenningu unglings og hvernig umræða um þessi mál sveiflast til í samfélaginu. Halldór lýsir ágætu ástandi ungmenna á sínum vinnustað, Feita fílum.

Barkinn fer fram í Valaskjálf þann 26. janúar og frumsýning LME er áætluð þann 16. febrúar. Keppni í Morfís hefst í kringum mánaðamótin janúar/febrúar. Æ fingaviðureign milli ME og Versló fer fram í kringum áramót. Verið er að ganga frá skráningu ME í Gettu betur keppnina.

Edrúfélag ME hyggur á siglingu um Miðjarðarhafið á spannaskilum vorannar. Forsvarsmenn eru Ingólfur Örn Jóhannsson og Hemmert Þór Baldursson. Flogið verður til Rómar og þaðan haldið til sjós. Ferðalagið fellur nokkurn veginn inn í úrvinnslu- og fardaga en fardagar standa yfir 6.-9. mars. Ekki er ljóst á þessu stigi hversu margir ætla með. Steinunn segir frá því að kynna þyrfti tilhögun ferðalagsins betur fyrir nemendum. Þessu þarf að koma til ferðanefndar.

Skúli sprýr hvort edrúferð sé að verða árleg hefð auk útskriftaferðar. Spurning hvort hæfi betur að hafa þetta annað hvert ár. Aron segist hafa verið að kanna grundvöll fyrir útskriftaferð en undirtektir hafa ekki verið miklar.

Steinunn sprýr um ábyrgð á edrúferðinni, er hún skólans t.d. varðandi samskipti við ferðaskrifstofu. Árni lýsir því að bindindisfélagið standi fyrir ferðinni en skólinn komi vissulega til aðstoðar ef eitthvað komi upp á. Í fyrra hafi Árni t.a.m. verið í miklum samskipum við ferðaskrifstofu vegna ýmiskonar vandræðagangs. Slyss og veikindi eru á ábyrgð ferðalanga sjálfra eða foreldra þeirra og því mikilvægt að menn hafi ferðatryggingar í lagi.


Steinunn sprýr hvað verði um menntaskólaböllin eftir áramót þegar Kaffi Egilsstaðir verða ekki lengur í boði. Hugsanlegt er að færa þau yfir í Valaskjálf eða á Feita fílinn. Aðrir kostir eru einnig í stöðunni. Aron ætlar að ræða þetta við sitt fólk.

## 6. Önnur mál.

Engin önnur mál og ekki ákveðið með næsta fund að sinni enda óljóst með skipan nýrrar skólanefndar.

*Um leið og Skúli Björn slítur fundi kl. 18:04 ítrekar hann að fundarmenn geti skoð að sýningu á lokaverkefnum og að skólanefndarfólk sé velkomið til útskriftar í Egilsstaðakirkju þann 17. desember.*

Fundargerð ritaði Arnar Sigbjörnsson.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Skúli Björn" above "Hallgrímur W." The signature is fluid and cursive.